



16. ágúst 2023

Efni: Gamall búnaður slökkviliðs Vinnuskjal slökkviliðsstjóra

Í eigu Fjallabyggðar eru þrjár slökkvibifreiðar sem teknar hafa verið úr notkun slökkviliðs á undanförunum árum og áratugum. Bifreiðar sem hafa verið í geymslu, þá sérstaklega tvær þeirra, um langa hríð.

Um er að ræða eftirfarandi:

Tegund: Chevrolet
Árgerð: 1943
Fastanr.: F314
Staða: Afskráð

Tegund: Ford F600
Árgerð: 1975
Fastanr.: BS-880
Staða: Afskráð

Tegund: Volvo N86
Árgerð: 1969
Fastanr.: XI-825
Staða: Í lagi og á númerum

Volvo bifreiðin er í geymslu í Mjölhúsi og hinar tvær í Aravíti (Þjónustumiðstöð). Bifreiðarnar eru í misgóðu ástandi. Tvær þeirra eru óökufærar en líta ágætlega út. Sú þriðja er með skoðun frá Frumherja sem og skoðun Vinnueftirlits vegna vinnulyftu. Slökkviliðsstjóri telur að ekki séu teljandi verðmæti í Chevrolet og Ford bifreiðunum.

Slökkviliðsstjóri óskar eftir heimild, í samráði við bæjarstjóra og deildarstjóra tæknideildar, að leita leiða til þess að koma þessum bifreiðum til varanlegrar geymslu á safni þar sem hægt sé að koma sögu slökkviliðsins á framfæri. Til að mynda samgöngusafninu í Skagafirði. Að öðrum kosti að auglýsa þær til sölu.

Með heimildinni losnar um verulegt pláss í Aravíti þar sem tvær eldri bifreiðarnar standa. Með tímanum eiga þær eftir að verða undir frekari skemmdum. Volvo bifreiðin í Mjölhúsi stendur þar og er árlegur kostnaður við geymslu hennar nokkur.



Ford F600 slökkvibíreið í Aravíti



Chevrolet slökkvibíreið í Aravíti



Volvo körfubífreið í Mjölhúsi

Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri